



NORRÆNN BYGGINGARDAGUR – NBD

FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

Fundarstaður: Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7A, fundaherbergi FSR
Dagsetning: 19. september 2012
Fundarmenn: Smári Þorvaldsson, formaður, SP
Magnús K. Sigurjónsson, ritari, MKS
Eyjólfur Bjarnason, gjaldkeri, EB
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS (á síðari hluta fundar)
Jóhanna B. Hansen, JBH (á fyrri hluta fundar)

Fjármál

EB gerði grein fyrir fjármálum félagsins. Útsendir reikningar námu 1,1 m.kr, 50% félaga hafa greitt og er staða sjóðs óbreytt frá síðasta fundi.

EB mun ljúka yfirferð á lista yfir félagi NBD á Íslandi og senda stjórn hann.

Aðilar NBD

SP sagði að ekki hafi verið boðað til ráðsfundar NBD stjórnanna.

Styrktaraðilar

SP sagði nauðsynlegt að leita til styrktaraðila vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu 2015 og mun hann gera tillögu að áætlun þar að lútandi í haust.

Stefnt er síðan að því að gera bréf til þeirra og eftir atvikum heimsækja á vormánuðum 2013.

Málþing 2012

Umræður um fyrirhugað málþing 2012. Ákveðið var að vinnuheiti málþingsins væri “Skipulag sem stjórnþæki” og stefnt að halda það fimmtud. 6. des. 2012 kl. 13.00 – 16.30 í Norræna húsinu. JBH og ÁS var falið að skoða efnið nánar og athuga með fyrirlesara. SP sér um að panta fundaraðstöðu.

Endanleg ákvörðun um málþingið verður tekinn í byrjun október.

Ráðstefna 2015

Rætt var um umfjöllunarefni NBD ráðstefnunnar 2015 en ákveðið var áður að meginefnið verði “Skipulag”. Fyrirhugað málþing 2012 um skipulag er hugsað sem inngangur í viðfangsefni ráðstefnunnar.

Stjórn NBD

SP fór yfir það sem varðar skipun stjórnar. Stjórnarmenn gefa allir kost á sér til áframhaldandi starfa.

Heimasíða NBD á Íslandi

Ný heimasíða NBD á Íslandi hefur verið færð til Netþjónustunnar þar sem hún er vistuð.

Kostnaður er 12.600 kr á ári. Ritari NBD gerði lagfæringar eftir flutninginn og annast vefumsjón með Wordpress vefumsjónarkerfinu.

SP óskaði eftir að fá teljara á síðuna og kannar ritari það.

Önnur mál

Upplýsingar bárust frá stjórn NBD í Finnlandi um fyrirhugaða skoðunarferð til Berlínar í október n.k. og var félögum í NBD á Íslandi boðið að taka þátt.

Næsti fundur verður haldinn í nóvember 2012.

Ritað MKS